

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Ártúnshöfði – svæði 7A – USK24120060.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 26. júní 2025, tillögu um nýtt deiliskipulag fyrir Ártúnshöfða, svæði 7A sem staðsett er við Breiðhöfða 3-5. Í nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir íbúðum og valkvæðri atvinnustarfsemi á jarðhæðum við Breiðhöfða, einnig er gert ráð fyrir varðveislu Fornalundar, sem er gróðursælt útivistarsvæði, í samræmi við kvöð um varðveislu hans. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vesturbæjarlaug – Hagamelur 55 – USK25050083.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 17. júlí 2025, breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar vegna lóðarinnar nr. 55 við Hagamel, leikskólinn Vesturborg. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að rífa hús á vestanverðri lóðinni og reisa þess í stað þrjár færanlegar leikskólastofur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 28. ágúst 2025.

Brynjar Þór Jónasson.

B deild - Útgáfudagur: 28. ágúst 2025